

Fundargerð

76. stjórnarfundur FHA haldinn 5. okt. 2015 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Hjördís Sigursteinsdóttir (HS), Guðmundur Kristján Óskarsson (GKÓ), Ólína Freysteinsdóttir (ÓF), Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir (RLB), Auðbjörg Björnsdóttir (AB), Hreiðar Valtýsson (HV) og Þorlákur Axel Jónsson (ÞAJ).

Dagskrá:

1. Fundargerð 75. stjórnarfundar var lögð fram og samþykkt.
2. Kjaramál
FHA hefur ekki fundað með viðsemjendum.
FHA hefur ekki fengið boð á samráðsfundi félaga innan BHM sem eru með lausa samninga. Svo virðist sem beðið sé eftir því að samningar takist við SFR.
Rætt um að óska eftir samningafundi með samninganefnd ríkisins.
Kjaramálin rædd á almennum nótum.
3. Önnur mál.
 - a. Tvær umsóknir í námssjóð lágur fyrir fundinum og voru samþykktar með fyrirvara um að þær uppfylli skilyrði fyrir styrkveitingu.
 - b. 22 skráningar eru komnar á námskeiðið Hlátur, gleði hamingja: alvörumál fim. 8. okt. kl. 14:00 – 17:00.
 - c. Opinn fundur um veikindaréttindi félagsmanna FHA á Borgum 19. okt. kl. 12:00 er í undirbúningi. Félagið mun bjóða fundarmönnum sem mæta súpu og brauð.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 12:45

Þorlákur Axel Jónsson, fundarritari.